Menningarmál

Dagbækur tilfinninganna

MYNDLIST



Umsjón: Aðalsteinn Ingólfsson



Nokkrar myndanna, sem nú eru til sýnis á Mokka. — Ljósm: Bragi

Það þarf ekki að tíunda hversu mikinn hlut konur eiga í íslenskri myndlist, en sérstaklega mikill er þó hlutur erlendra listakvenna sem gifst hafa inn í íslenska list. Það þarf ekki annað en nefna nöfn eins og Barbara Árnason, Tove Ólafsson, Karen Agnete Þórarinsson og Gréta Björnsson til að sjá að íslensk list væri mun fátækari án framlags þeirra.

Í þessum flokki má telja Myriam Bat-Yosef, þótt að mörgu leyti hafi hún sérstöðu, en hún fluttist hingað til lands 1958 með fyrrverandi manni sínum, Erró. Hefur hún verið viðloðandi Ísland síðan, hélt sýningu í Norræna húsinu 1971 og heldur nú sýningu á 28 myndum sínum á Mokka. Sérstaða hennar hefur m.a. fólgist í uppruna hennar í Ísrael, og hinu austurlenska yfirbragði á list hennar sem í fljótu bragði virðist ekki hafa litast við kynni hennar af Íslandi, eins og átti sér stað með þær listakonur sem nefndar eru hér að ofan.

Hið austurlenska yfirbragð felst í litavali hennar, samtvinnun fölra og skærra lita sem sjá má t.d. í persneskri list og sameiginlegt á hún einnig með persum og hún er óhrædd við að skreyta, að vera dekoratíf og má minna á að Matisse var ekki heldur hræddur við skreytingu. Austurlensk er einnig hin reikandi, bugðótta lína hennar, þótt Art Nouveau hafi einnig verið nefnt sem áhrifavaldur á list hennar — sem vefur sig fram og til baka eftir myndfletinum eins og í persnesku eða arabísku teppi. En þessi áhrif, meðvituð eða ómeðvituð, notar hún á hinn frjálsa og órökræna hátt nútíma listamanns, en ekki með hinu stranga tilliti forn-araba og persa til samstæðna og samræmis. Verk hennar, eins og við sjáum þau á Mokka, virðast hreinar afstraksjónir í anda Kandisnkys, en Bat-Yosef sjálf vill meina að vatnslitamyndir hennar og lithografíur séu fremur „konkret" tjáning á tilfinningum hennar á vissum stað og stund. Þess vegna finnum við gjarnan fjölda dagsetninga á við og dreif um sömu myndina, og sýna þær, ásamt lögun formsins, lit þess og staðsetningu, hvað er að brjótast innra með henni hverju sinni. Mjúk, bjúglaga form og mjukir, dekoratífir litir eru gjarnan boðberar jafnvægis og gleði, en óróleg hvöss form og skerandi andstæður guls, rauðs og svarts litar eru greinilega merki um ólgu eða hugarangur. Myndirnar verða því eins konar dagbækur tilfinninganna fyrir listakonuna, og til að leggja áherslu á heildar„skap" hverrar myndar, skrifar hún á mörgum málum viðeigandi orð, eins og „Sársauki" (Douleur, Pain....) inn í myndina.

Oðrin notar hún svo sem fullgild myndform við hlið hinna frjálsu forma.

Þessi frjálslegu vinnubrögð og tilfinningalega hispursleysi benda til þess að Myriam Bat-Yosef sé einn af mörgum arftökum Súrrealistanna, og þessi grunur minn var að nokkru leyti staðfestur á sýningu hennar 1971 og einnig af ljósmyndum þeim sem finna má í Mokka af hinum máluðu hlutum hennar. Á því sviði er tilgangur hennar ekki aðeins sá að gleðja augað, heldur einnig að grafa undan fjöldaframleiðslugildi þeirra og gera hvern hlut að ævintýri, — en umbreyting hlutarins var einmitt af stefnumörkum Súrrealismans. Vonandi fáum við að sjá fleiri hluti eftir Bat-Yosef í framtíðinni.

Líklegt þykir mér að hið tilfinningalega og dekoratífa við list Myriam Bat-Yosef muni ekki vera mörgum íslenskum listamönnum að skapi, þar sem þeirra arfleifð er hin stranga, franska myndbygging, „norrænt" litróf og dult skap. En eins og þeir eru Myriam Bat-Yosef trú sínum uppruna og arfleifð sem e.t.v. hindrar hana í því að gerast íslenskur listamaður, en gerir hana ávallt að aufúsugesti.

Sýning Myriam Bat-Yosef á Mokka stendur til 26. ágúst.

TARNUS ÓTRAUÐUR

Ungur maður, Grétar Magnús Guðmundsson, alías Tarnús eða jafnvel Meistari Tarnús, sýnir þessa dagana 35 málverk að Kjarvalsstöðum. Hann mun hafa lokið kennaraprófi frá Myndlista- og Handíðaskólanum 1971, þar sem hann tók m.a. þátt í því anarkí sem fylgdi Combó Þórðar Hall. Síðan hefur hann að mestu haldið sig við brauðstrit í formi söngs og hljóðfæraleiks, en nú hefur málaralistin náð aftur á honum tangarhaldi.



Ein mynda Tarnúsar á sýningunni.



Frá „popp-hljómleikum" Tarnúsar að Kjarvalsstöðum fyrr í vikunni. Það er hann sjálfur, sem er við hljóðnemann. — Ljósm: JIM.

Það er ljóst að Tarnús er ekki alveg laus við hæfileika, visst litaskyn og primitíft energí hefur hann. Aftur á móti bera málverkin þess skýrt merki að þau eru ekki vandlega ígrunduð vinna, heldur greinileg ígripavinna án heildarsvips. Mest ber þar á nokkuð yfirborðskenndu fikti við popplist og geómetríu, þe. andst. flatra forma og hins fígúratífa (nr. 4,5, 7, 9, 10 o.fl.) Þar sem æfingarleysi í teikningu, skortur á aðhaldi og tímaþröng hafa varnað Tarnúsi að finna einhverja haldgóða undirstöðu. Kjarval hefur sömuleiðis lagst mjög þungt á Tarnús (nr. 3, 15, 22, 23, 25, 28, 34 & 35), sem hver og einn getur athugað með því að skreppa yfir í salinn hinumegin. Er það merkilegt fyrirbæri að margir ungir málarar skuli nú leita beint til Kjarvals — og eru áhrif hans yfirþyrmandi í verkum Tarnúsar, svo mjög að túlkun hans nálgast eftiröpun á köflum. Í þeim verkum kemur þó fram nokkuð jákvæður persónulegur kraftur og tilfinning fyrir lit.

Í málverkum Tarnúsar af höfuðum og konum er aftur á móti lítið bitastætt, teikningin er óhöndugleg og litanotkun er tilviljunarkennd. Eru á sýningunni þó örfá verk sem bera vott um hugarflug, t.d. nr. 17,6 & 24, þótt öll séu þau ólík og er vonandi að Tarnús finni í gegnum þau einhverja leið í átt til málverksins. En segja verður hverja sögu eins og hún er: samtíningur er ekki sama og sýning og ætti enginn að leggja út í einkasýningu nema hann hafi getað helgað sig málaralistinni nær óskiptur í mörg ár, eða allavega látið hana sitja í fyrirrúmi.



Tarnús við myndina, sem hann málaði á meðan popphljómsveitin Paradís lék rokk í sýningarsal Kjarvalsstaða.